



# Oddeyrarskóli Tengja

2. tölublað  
skólaárið  
2012-2013

Október

## Góður útivistardagur



Fimmtudaginn 27. september var útivistardagur í Oddeyrarskóla. Nemendur yngsta stigs (1.-4. bekkjar) fóru í fjöruferð á Sílabás og nutu sín þar. Nemendur í 5.-

10. bekk gátu valið um viðfangsefni á útivistardaginn. Valið stóð á milli þess að fara í fjallgöngu á Súlur, hjóla litla Eyjafjarðarhringinn, fara upp að Hömrum eða að taka þátt í þríþraut (hjól, skokk og sund). Flestir völdu að ganga á Súlur, en því miður var ekki unnt að fara þangað sökum slæms skyggnis. Því var brugðið á það ráð að fara í

Fálkafell, ganga þaðan í Gamla og niður að Hömrum. Hópurinn hitti síðan Hamrahópin og grillaði með þeim brauð yfir eldi. Fimmtán nemendur hjóluðu Eyjafjarðarhringinn sem er um 30 km. og voru fyrstu menn komnir í hús 2 1/2 tíma eftir brottför! Of fáir völdu þríþraut til þess að af henni yrði, en við vonumst eftir betri þátttöku næsta haust :)

Fleiri myndir á heimasíðu.



## Heimasíða skólans

Við hvetjum nemendur og foreldra til að fylgjast vel með heimasíðu skólans, þar birtum við nýjustu fréttir úr skólalífinu.

<http://www.oddak.akureyri.is>


Heimasíðunni hefur verið lítillega breytt en inniheldur allar sömu upplýsingar og áður. Á næstu dögum og vikum munum við uppfæra ýmsar upplýsingar á síðunni. Allar ábendingar er varða heimasíðuna eru vel þegnar á netfangið [kristinj@akmennt.is](mailto:kristinj@akmennt.is)

## Stöndum saman - forvarnir gegn einelti

Stöndum saman (e. *Bully prevention*) er námsefni sem tengist SMT og felur í sér forvarnir gegn einelti. Stöndum saman verður innleitt í öllum skólanum nú í október.

Í efninu er lögð áhersla á að sameina heildstæðan stuðning við jákvæða hegðun (SMT), þriggja þrepa viðbragð við óæskilegri hegðun og endurskilgreindri hugmyndafræði um einelti. Í *Stöndum saman* er nemendum kennt að besta leiðin til að koma í veg fyrir og stöðva óæskilega hegðun sé að veita henni ekki athygli. Þar með er lögð áhersla á að þolendur og áhorfendur læri að bregðast við óæskilegri hegðun með viðeigandi hætti en ekki eingöngu leitast við að draga úr óæskilegri hegðun geranda. *Stöndum saman* verkefnið er hugsað sem hluti af stærra inngripi skóla í agamálum, þannig verður innleiðing áreynsluminni og líkur aukast á að nemendur og stafsmeðmenn tileinki sér efnið.







## Innleiðing nýrrar aðalnámskrár

Starfsmenn skólans eru í óða önn að vinna að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Fundartímar starfsmanna eru að hluta til nýttir til umræðu um aðalnámskrána og njótum við góðs stuðnings frá Miðstöð skólalpróunar við Háskólann á Akureyri.

Umræða og vinna um grunnþætti menntunar hefur farið fram meðal margra nemenda og er gaman að sjá afrakstur þeirrar vinnu.

Nemendur 1.-3. bekkjar hafa fjallað um hugtök tengd grunnstoðunum og æfðu nemendur 3. bekkjar t.d. grunnstoðina *lýðræði* með því að kjósa um næstu bók í byrjendalæsi. Nemendur fengu kjörseðla þar sem þeir völdu á milli myndarinnar *Hver á að temja drekann* og bókarinnar *Himingeimurinn* settu seðla síðan í sérstakan kjörkassa. Talið var upp úr kjörkassanum og varð *Hver á að temja drekann* fyrir valinu.

Kennarar í 5.-7. bekk hafa ákveðið að helga uppbrotið grunnstoðunum sex. Síðustu vikur hefur verið unnið með grunnstoðina *heilbrigði og velferð* og hafa nemendur unnið ýmis verkefni, bókleg og verkleg, tengd þeirri grunnstoð, t.d. með útiveru, hópleikjum, næringarfræðslu, spilagerð, nudd, slökun o.fl. Hugtakakort og krossglíma (sjá til hægri) voru m.a. notuð þegar unnið var með hugtökin.



## Hausthátíð foreldrafélagsins

Foreldrafélagið stóð fyrir hausthátíð laugardaginn 2. september. Þá var skrúðganga um hverfið og síðan var afþreying fyrir yngri kynslóðina. Hoppukastali var á svæðinu. Nokkrir nemendur úr 8. bekk dreifðu kortum til 1. bekkinga en þessir bekkir eru vinabekkir. Einnig fengu nemendur 1. bekkjar lítinn glaðning frá skólanum. Eftir það fengu allir grillaðar pylsur í boði foreldrafélagsins. Gaman hefði verið að fá fleiri fjölskyldur á hausthátíðina, en við gerum bara betur næst :)

